

Krabbameinsfélag Íslands

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 14

Krabbameinsfélag Íslands
Kennitala 700169-2789
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins nam afkoma ársins 98,7 milljónum króna samanborið við 34,8 milljónir króna árið 2020. Eigið fé félagsins í árslok 2021 var jákvætt um 1.630 milljónir króna. Fjöldi ársverka á árinu voru 26.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun afkomu

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfun á afkomu félagsins. Félagið greiðir ekki arð. Í ljósi góðrar rekstrarafkomu ársins 2021 ákvað stjórn Krabbameinsfélags Íslands að veita nær öllum rekstrarhagnaði eða allt að 80 milljónum króna af rekstrarhagnaði til nýrra uppbyggingarverkefna hjá félaginu. Verkefnin skulu unnin á árabílinu 2022 - 2024.

Áhrif Covid-19


Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar sem braust út í byrjun árs 2020 hafði áhrif á starfsemi félagsins. Áhrifin voru fyrst og fremst í tengslum við hertar sóttvarnir, m.a. aukin þríf og áhrif þeirra á opnun og almenna starfsemi. Rafræn þjónusta jókst og fundir, viðtöl og kynningar voru í auknum mæli rafræn. Erlent samstarf færðist að mestu yfir á rafrænt form. Trufflanir á vöruflutningum erlendis frá, tengt Covid-19, höfðu mikil áhrif á fjáröflun í mars. Stjórnendur unnu að lágmörkun áhrifanna.

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.


Reykjavík 25. apríl 2022


Stjórn:



Valgerður Sigurðardóttir



Hildur Björk Hilmarisdóttir


Kristín Halldórsdóttir



Magnús Gunnarsson


Sigríður Zoëga


Sigurður Hannesson


Þorsteinn Pálsson

Framkvæmdastjóri:



Halla Þorvaldsdóttir

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Krabbameinsfélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning 2021 og ekkert athugunarvert fundið.

Reykjavík 25. apríl 2022


Birna Guðmundsdóttir


Jón Auðunn Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikning fyrir árið 2021
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021
 - Sjóðstreymi fyrir árið 2021
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársrit félagsins sem lá ekki fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þar með talið skýrslu stjórnar, og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 25. apríl 2022

PricewaterhouseCoopers ehf.



Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrartekjur			
Skoðanagjöld		271.373	3.917.196
Þjónustusamningur við ríkið		44.600.000	26.499.996
Fjáröflun		525.167.492	489.062.492
Ýmsar tekjur		161.637.850	74.990.363
	3	<u>731.676.715</u>	<u>594.470.047</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	314.750.199	261.928.260
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		97.500	769.830
Vörukaup		44.249.176	44.905.604
Upplýsingatækni		44.142.794	48.618.024
Húsnæðiskostnaður		44.252.600	44.685.786
Styrkir	6	78.162.843	100.403.461
Annar rekstrarkostnaður	7	197.594.815	89.823.165
Afskriftir	9	22.254.754	41.115.650
		<u>745.504.681</u>	<u>632.249.780</u>
Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(13.827.966)	(37.779.733)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gangvirðisbreytingar		112.264.111	72.499.185
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(90.153)	(6.189)
	5	<u>112.173.958</u>	<u>72.492.996</u>
Hagnaður ársins fyrir hlutdeildartekjur		98.345.992	34.713.263
Hlutdeildartekjur af dótturfélagi		385.696	54.268
Hagnaður ársins		<u>98.731.688</u>	<u>34.767.531</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	2021	2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skógarhlíð 8		441.293.671	455.253.501
Rauðarárstígur 33		96.644.248	99.446.464
Áhöld, tæki og annar búnaður		2.834.958	22.603.868
	9	<u>540.772.877</u>	<u>577.303.833</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	8	1.084.893.159	966.911.677
Eignarhlutir			
Eignarhlutur í Leitarstöð Krabbameinsfélag ehf.	10	1.092.558	706.412
Fastafjármunir samtals		1.626.758.594	1.544.921.922
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	16.074.823	38.503.464
Krafa á tengd félög	15	0	12.282.564
Aðrir veltufjármunir		11.235.737	1.141.770
Handbært fé	12	109.855.261	97.419.503
		<u>137.165.821</u>	<u>149.347.301</u>
Eignir samtals		<u>1.763.924.415</u>	<u>1.694.269.223</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2021	2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	13	1.629.516.341	1.530.784.653
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		35.713.841	62.082.147
Aðrar skammtímaskuldir		50.616.064	55.507.387
Skuldir við tengd félög	15	<u>48.078.169</u>	<u>45.895.036</u>
	14	<u>134.408.074</u>	<u>163.484.570</u>
Skuldir samtals		134.408.074	163.484.570
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.763.924.415</u></u>	<u><u>1.694.269.223</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		98.731.688	34.767.531
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	22.254.754	41.115.650
Óinnleystur hagnaður verðbréfa og aðrar reiknaðar tekjur/gjöld		(84.045.825)	(46.795.700)
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(7.560.660)	(1.869.145)
Hlutdeildartekjur		(385.696)	(54.268)
		<u>28.994.261</u>	<u>27.164.068</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		12.334.224	21.016.300
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(31.259.629)	(49.634.607)
		<u>(18.925.405)</u>	<u>(28.618.307)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		10.068.856	(1.454.239)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(3.104.710)	(2.956.913)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	24.941.572	2.681.813
Fjárfestingar í eignastýringu (aukning) / úttekt		(33.935.657)	(14.978.807)
Viðskipta við tengda aðila, breyting		14.465.697	18.389.918
		<u>2.366.902</u>	<u>3.136.011</u>
Hækkun á handbæru fé		12.435.758	1.681.772
Handbært fé í byrjun árs		97.419.503	95.737.731
Handbært fé í árslok		<u>109.855.261</u>	<u>97.419.503</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

Krabbameinsfélag Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar mögulegt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádrögnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Laun	257.100.418	420.121.416
Mótframlag í lífeyrissjóð	35.768.514	61.235.434
Launatengd gjöld	21.881.267	25.542.257
Hluti Leitarstöðvar Krabbameinsfélag ehf. í launakostnaði	0	(244.970.847)
	<u>314.750.199</u>	<u>261.928.260</u>

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Aðrir liðir	Samtals 2021	Samtals 2020
Vaxtatekjur og gangvirðisbreyting fjáreigna	460.182	127.540.083	128.000.265	81.657.150
Vaxtagjöld	(90.153)	0	(90.153)	(6.189)
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	(101.237)	(15.666.775)	(15.768.012)	(9.259.519)
Gengismunur	31.858	0	31.858	101.554
	<u>300.650</u>	<u>111.873.308</u>	<u>112.173.958</u>	<u>72.492.996</u>

Tekjur af fjáreignum

Fjáreignir eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjáreignanna færir félagið með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum félagsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum félagsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld), frh.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskum krónum á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

6. Styrkir

Styrkveitingar Krabbameinsfélags Íslands á árinu 2021 sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	2021	2020
Styrkir til Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands	36.000.000	41.031.068
Velunnarastyrkir, styrkir til aðildarfélaga	41.856.733	39.335.439
Styrkir til Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins hf.	0	19.835.954
Aðrir styrkir	306.110	201.000
	<u>78.162.843</u>	<u>100.403.461</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:

	2021	2020
Rekstur velunnarakerfis	50.895.122	42.369.926
Aðkeypt þjónusta	31.097.778	37.547.611
Kostnaður og viðhald áhalda og tækja	1.728.225	7.015.424
Skrifstofukostnaður	99.485.988	66.029.818
Starfsmannakostnaður	7.178.615	9.698.143
Mötuneytiskostnaður	4.796.932	6.257.702
Afskriftir og niðurfærsla krafna	303.193	5.951.374
Annar kostnaður	2.108.962	618.535
Hluti Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins ehf. í öðrum rekstrarkostnaði	0	(85.665.368)
	<u>197.594.815</u>	<u>89.823.165</u>

8. Fjáreignir í verðbréfum

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins, Íslandsbanka og Arion banka.

Fjáreignir sundurliðast þannig:

	2021	2020
Innlend hlutabréf	209.644.646	88.883.019
Erlend hlutabréf	233.392.465	103.150.945
Skuldabréf	553.995.263	571.935.086
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða	82.621.272	163.912.618
Innlánsreikningar	5.239.514	39.030.009
	<u>1.084.893.159</u>	<u>966.911.677</u>

Skýringar

8. Fjáreignir í verðbréfum, frh.

Innlánsreikningar í eignastýringu

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjárskjöldir í eignastýringu.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði eru færðir upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspeglar gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættuþáttur félagsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar í skýringu 17.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Skógarhlíð 8	Rauðarár- stígur 33	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2020:				
Bókfært verð í ársbyrjun	469.302.562	102.248.682	44.723.994	616.275.238
Viðbót ársins	2.956.913	0	0	2.956.913
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(812.668)	(812.668)
Afskriftir	(17.005.974)	(2.802.218)	(21.307.458)	(41.115.650)
Bókfært verð í árslok	455.253.501	99.446.464	22.603.868	577.303.833
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	739.968.205	121.338.162	452.268.082	1.313.574.449
Afskrifað samtals	(284.714.704)	(21.891.698)	(429.664.214)	(736.270.616)
Bókfært verð í árslok	455.253.501	99.446.464	22.603.868	577.303.833
Árslok 2021:				
Bókfært verð í ársbyrjun	455.253.501	99.446.464	22.603.868	577.303.833
Viðbót ársins	3.104.710	0	0	3.104.710
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(17.380.912)	(17.380.912)
Afskriftir	(17.064.540)	(2.802.216)	(2.388.001)	(22.254.757)
Bókfært verð í árslok	441.293.671	96.644.248	2.834.955	540.772.877
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	743.072.915	121.338.162	434.887.170	1.299.298.247
Afskrifað samtals	(301.779.244)	(24.693.914)	(432.052.215)	(758.525.373)
Bókfært verð í árslok	441.293.671	96.644.248	2.834.955	540.772.877

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-40 ár
Áhöld og bifreiðar	3-8 ár

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2021 voru eftirtaldar:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 8, Reykjavík	607.150.000	127.950.000	937.900.000	441.293.671
Rauðarárstígur 33, Reykjavík	341.850.000	48.800.000	247.540.000	96.644.248
	<u>949.000.000</u>	<u>176.750.000</u>	<u>1.185.440.000</u>	<u>537.937.919</u>

Engar veðsetningar eru á eignum félagsins í árslok.

10. Eignarhlutur í félögum

Krabbameinsfélag Íslands stofnaði á árinu 2018 sérstakt félag um rekstur leitarstarfs þ.m.t sérskoðana, frumrannsóknarstofu ásamt stjórnstöð leitar og fékk það félag nafnið Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ehf. Markmið með stofnun félagsins var að skerpa enn frekar á aðskilnaði frá öðru starfi Krabbameinsfélags Íslands og hóf félagið rekstur í ársbyrjun 2019. Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ehf. er 100% í eigu Krabbameinsfélags Íslands og er eignarhluturinn færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Ekki er gerð samstæða þar sem félögin falla undir skilgreiningu líttill samstæðu. Leitarstöðin hætti starfsemi í árslok 2020 þar sem krabbameinsleit fluttist alfarið yfir til Landspítalans frá og með 1. janúar 2021 og verður tekin ákvörðun á árinu 2022 um framtíðarrekstur félagsins.

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2021	2020
Viðskiptakröfur	21.226.073	43.654.714
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(5.151.250)</u>	<u>(5.151.250)</u>
Viðskiptakröfur, nettó	<u>16.074.823</u>	<u>38.503.464</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

12. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

Skýringar

13. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2020:		
Staða í ársbyrjun	1.496.017.122	1.496.017.122
Hagnaður ársins	34.767.531	34.767.531
Staða í árslok	1.530.784.653	1.530.784.653
Hreyfingar 2021:		
Staða í ársbyrjun	1.530.784.653	1.530.784.653
Hagnaður ársins	98.731.688	98.731.688
Staða í árslok	1.629.516.341	1.629.516.341

14. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir greinast þannig:	2021	2020
Skuldir við lánardrottna	35.713.841	74.364.711
Skuldir við tengd félög	48.078.169	33.612.472
Áunnið orlof	32.988.129	31.339.637
Ógreiddur kostnaður	17.627.935	24.167.750
Skammtímaskuldir	134.408.074	163.484.570

15. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ehf. sem er dótturfélag 100% í eigu Krabbameinsfélags Íslands. Einnig er Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands skilgreindur sem tengdur aðili þar sem sjóðurinn er fjárhagslega háður framlögum frá Krabbameinsfélagi Íslands. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Stöður við tengda aðila voru eftirfarandi:

	2021	2020
<i>Sundurliður á kröfum og skuldum á tengda aðila</i>		
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ehf.	(139.999)	12.282.564
Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands	(45.088.774)	(40.544.646)
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	(419.226)	(772.032)
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	(2.430.170)	(4.578.358)
Skuld við tengda aðila samtals	(48.078.169)	(33.612.472)

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur tekið ákvörðun um að veita styrk til Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands að fjárhæð kr. 36 milljónir á árinu 2021.

16. Önnur mál

Í ljósi góðrar rekstrarafkomu ársins 2021 ákvað stjórn Krabbameinsfélags Íslands að veita nær öllum rekstrarhagnaði eða allt að 80 milljónum króna af rekstrarhagnaði til nýrra uppbyggingarverkefna hjá félaginu. Verkefni skulu unnin á árabílinu 2022 - 2024.

Á árinu 2020 kom upp mál hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ehf. vegna krabbameinsleitar og skapaðist bótaskylda á Krabbameinsfélag Íslands vegna þess. Bætur voru greiddar af sjúklinga- og starfsábyrgðartryggingu Krabbameinsfélags Íslands en endurkrafin eigin áhætta tryggingarinnar nam kr. 1,2 milljónum sem Krabbameinsfélagið greiddi í byrjun árs 2022.

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt að standa undir kostnaði sem kann að koma til vegna þjónustusamnings um skimanir fyrir krabbameinum sem rann út þann 31. desember 2020.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættuþættir sem tengjast varðveislu og ávöxtun fjáreigna Krabbameinsfélags Íslands eru helst vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur félagsins í varðveislu fjáreigna telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu félagsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur félagið tryggt fjölbreytni varkárni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja félagsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Í árslok 2021 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Arion banki	Íslandsbanki
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0,3%	0,9%
Skuldabréf	51,4%	71,6%
Hlutabréf	48,3%	27,5%
- þar af innlend hlutabréf	24,6%	9,9%
- þar af erlend hlutabréf	23,7%	17,6%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærri gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um kr. 31,8 milljónir.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins og framvirkra afleiða á hlutabréf.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breyting á eignasafninu um kr. 22,2 milljónir.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Félagið fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum og sjóðum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunnar þýðir breyting á eignasafninu um kr. 12,5 milljónir.